

Nd.

996. Nefndarálit

[318. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 29 29. apríl 1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, sbr. l. nr. 49/1973, nr. 21/1975, nr. 28/1978 og nr. 98/1980.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Í umfjöllun nefndarinnar komu fram tvö atriði sem ástæða er til að lagfæra í því frv. sem hér er til afgreiðslu. Eru fluttar um það breytingartillögur á sérstöku þingskjali.

1) Þess eru dæmi að óeðlilegur dráttur verði á greiðslu lífeyris og þó sérstaklega á leiðréttingu á greiðslu lífeyris. Undirrituðum er til að mynda kunnugt um dæmi þess að slík leiðrétting hafi dregist á sjötta ár. Í þessu dæmi fylgdi sjóðurinn þeirri aðferð að greiða leiðréttinguna án verðtryggingar, en það svaraði til þess að elsti hluti leiðréttingarinnar var greiddur með 10 auru virði fyrir hverja krónu sem vangreidd hafði verið 5½ ári áður. Þetta er vitaskuld óhæft með öllu. Því er flutt breytingartillaga um verðtryggingu á vangreiddum lífeyri.

2) Eins og fram kemur í athugasemdum við lagafrumvarpið varðandi 1. gr. er með lagafrumvarpinu gert ráð fyrir að einhverjir sjóðfélagar hljóti lakari lífeyrisrétt en þeir nú eiga. Hér verður því greinilega að fara fram með gát, hvort heldur núverandi reglur um lífeyrisrétt þykja réttlátar eða ekki. Einfalt er að taka dæmi um að aldraður opinber starfsmaður, sem sé í þann mund að fara á eftirlaun, verði fyrir 25% skerðingu á lífeyrisgreiðslum við samþykkt þessa lagafrumvarps í óbreyttri mynd. Slík röskun á högum verður að teljast mjög tilfinnanleg, einkum og sér í lagi þegar hún gerist fyrirvaralaust með öllu.

Af þessum ástæðum er flutt breytingartillaga á sérstöku þingskjali um ákvæði til bráðabirgða, sem tryggi um sinn rétt þess fólks sem annars yrði fyrir röskun á högum sínum með samþykkt lagafrumvarpsins í óbreyttu formi.

Guðrún Agnarsdóttir sat fundi nefndarinnar og er samþykkt þessu álit.

Alþingi, 17. maí 1984.

Guðmundur Einarsson,
fundaskr.

Kjartan Jóhannsson,
frsm.